

Fundargerð 423

Fimmtudaginn 18. desember 2014 kl. 10:00 hélt stjórn Byggðastofnunar símafund. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason stjórnarformaður, Ásthildur Sturludóttir, Einar E. Einarsson, Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárliði 1-5), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:00 og bauð fundarmenn velkomna. Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun
3. Aflamark Byggðastofnunar á Flateyri og Þingeyri
4. Aflamark Byggðastofnunar á Djúpavogi
5. Aflamark Byggðastofnunar fiskveiðiárið 2014 – yfirlit
6. Áhættustefna Byggðastofnunar
7. Uppfærðar verklagsreglur um útlánastarfsemi
8. Sala fullnustueigna
 - a. Sveinbjarnargerði
 - b. Steig, jörð í Mýrdal
9. Fundargerðir lánanefndar
10. Staðfesting á stefnum um upplýsingaöryggi
11. Efling rannsókna á sviði byggðamála á Byggðastofnun
12. Önnur mál
13. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar nr. 422 var borin upp og samþykkt samhljóða. Verður hún undirrituð á næsta stjórnarfund.

2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun

Frestað til næsta fundar.

3. Aflamark Byggðastofnunar á Flateyri og Þingeyri

Þingeyri

SÁ fór yfir minnisblað sem lá fyrir fundinum. Í maí síðastliðnum auglýsti Byggðastofnun eftir samstarfsaðilum á Þingeyri vegna 400 þorskígildistonna aflamarks í framhaldi af ákvörðun Vísis hf. að hætta fiskvinnslu á staðnum á árinu 2015. Tvær umsóknir bárust, annars vegar frá Valþjófi ehf. og hins vegar frá Fiskvinnslu Dýrafjarðar,

Vísi hf. Arctic Odda ehf. og tengdum aðilum. Með tölvupósti þann 8. október sl. var síðarnefnda umsóknin dregin til baka og stóð þá umsókn Valþjófs eins eftir.

Í áætlunum umsækjenda vegna Þingeyrar er gert ráð fyrir að vinna 1.000 tonna af bolfiski á ári og að fimm starfsmenn vinni við bolfiskvinnslu félagsins. Að auki er gert ráð fyrir fjórum sjómönnum. Félagið hefur gert kauptilboð í fiskvinnsluhúsnæði á Þingeyri.

Lagt til að umsókn vegna Þingeyrar sé hafnað þar sem mótframlag sé of lítið, að fjöldi starfa sem skapast eða sé viðhaldið sé of lítill í samhengi við þær veiðiheimildir sem sótt er um og að aðrar veiðiheimildir á staðnum séu ekki inn í verkefninu. Einnig er gerð tillaga um að forstjóra verði falið auglýsa 400 tonna þorskígildaafleimildir vegna Þingeyrar að nýju.

Samþykkt samhljóða.

Flateyri

Í framhaldi af tilkynningu Arctic Odda ehf. um að félagið hygðist hætta bolfiskvinnslu á Flateyri auglýsti Byggðastofnun þann 28. nóvember sl. eftir samstarfsaðilum vegna 300 þorskígildistonna aflamarks. Umsóknarfrestur rann út að morgni 15. desember s.l. Þrjár umsóknir bárust, frá Valþjófi ehf., frá Íslensku sjávarfangi ehf. og frá óstofnuðu félagi, Fiskvinnslu Flateyrar, og 10 aðilum á Flateyri.

Lagt er til að fresta afgreiðslu umsókna og fela forstjóra að athuga hvort hægt er að koma á samstarfi umsækjenda.

Samþykkt samhljóða.

4. Aflamark Byggðastofnunar á Djúpavogs

SÁ fór yfir minnisblað sem lá fyrir fundinum. Í maí síðastliðnum auglýsti Byggðastofnun eftir samstarfsaðilum á Djúpavogi vegna 400 þorskígildistonna aflamarks í framhaldi af ákvörðun Vísis hf. að hætta fiskvinnslu á staðnum á árinu 2015. Ein umsókn barst frá Búlandstindi ehf., Ónesi ehf., Fiskeldi Austfjarða og Vísi hf. Umsóknin byggir á blandaðri bolfiskvinnslu og vinnslu eldisfisks. Síðan umsóknin barst hafa orðið þær breytingar að Vísir hf. er ekki lengur í umsókninni og að Ónes hefur tryggt sér fasteignir Vísis sem ganga til félagsins að fimm árum liðnum gangi rekstur fiskvinnslunnar Búlandstinds eftir.

Samþykkt að málið sé skoðað áfram með það að markmiði að fá fleiri á Djúpavogi til samstarfs um hráefnisöflun til vinnslunnar.

SÁ vék af fundi

5. Aflamark Byggðastofnunar fiskveiðiárið 2014 – yfirlit

Frestað til næsta fundar.

6. Áhættustefna Byggðastofnunar

Frestað til næsta fundar.

7. Uppfærðar verklagsreglur um útlánastarfsemi

Frestað til næsta fundar.

8. Sala fullnustueigna

a) *Sveinbjarnargerði IIC og IID, Svalbarðsstrandarhreppi*

...

b) *Jörðin Steig, Mýrdalshreppi*

...

KB vék af fundi.

9. Fundargerðir lánanefndar

...

Forstjóra var falið að koma á fundi með landbúnaðarráðherra þar sem honum er gerð grein fyrir aukinni eftirspurn eftir lánum frá Byggðastofnun til uppbyggingar kúabúa og því að þar með hefðu breytingar á rekstrarumhverfi mjólkurframleiðenda bein áhrif á efnahag stofnunarinnar. Einnig var ákveðið að funda um sama mál með forsvarsmönnum bændasamtakanna, landssambandi kúabænda og forstjóra Mjólkursamsölunnar til að kortleggja betur stöðu greinarinnar í ljósi mögulegra breytinga á búvörusamningum.

OMG vék af fundi

10. Staðfesting á stefnum um upplýsingaöryggi

AÐ lagði fram tillögu um breytingu á öryggisstefnu Byggðastofnunar. Breytingin heimilar stofnunina að útvista rekstur allra upplýsingakerfa stofnunarinnar en með því skilyrði að fyrirtæki sem útvistað er til sé með ISO/IEC 27001 vottun og að keðjuútvistun sé óheimil. Breytingin er til komin vegna ábendingar Ernst & Young sem tók út fylgni við tilmæli FME um öryggi upplýsingakerfa. Eins var lagt til að aðgangsstefna, öryggisafritunarstefna og fjarvinnustefna séu staðfestar óbreyttar.

Samþykkt samhljóða.

11. Efling rannsókna á sviði byggðamála á Byggðastofnun

Frestað til næsta fundar.

12. Önnur mál

Engin önnur mál.

13. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 16. janúar 2015 á Akureyri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:53

Magnús Helgason, fundarritari

| | |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |